

Vasaljóslyst, nakið fólk í lýðræðislegri raunstærð

Ljósmyndir Bandaríkjamannsins
Gary Schneider af nöktum konum og
körlum þrýða veggi Listasafns
Reykjavíkur á Listahátíð.

Skapti Hallgrímsson skapti@mbl.is



Ljósmynd/M. Teresa Simao

Ljósmyndarinn Gary Schneider: Ég vinn verkið í náinni samvinnu við fyrirsætuna og geri ekkert sem hún er ósátt við.

Hvað er að fréttu af gosinu? er það fyrsta sem ljósmyndarinn Gary Schneider spyr þegar ég hringi í hann til New York. „Þetta er frábær tími til að koma til Íslands; það er áhuga- verðasti staður á jörðinni í augnablikinu. Eða heldurðu að ég komist ekki örugglega?“

Tveir vina Schneiders verða með í för og hann segir þá gríðarlega spennta. Ólíklegt er hins vegar að þeir Schneider fari austur að gosstöðvunum. „Ég held að ég eigi bara einn frídag í ferðinni. Þetta verður því nær eingöngu vinna hjá mér.“

Sýningin hefst um næstu helgi.

Schneider er fæddur 1954 í Suður-Afríku en hefur lengi búið og starfað í New York. Verk hans eru að mörgu leyti óvenjuleg og hafa vakið mikla athygli en Schneider ljósmyndar t.d. andlit og aðra líkamshluta sjálfs sín og fyrirsæta sem hann fær í stúdíóið. Einnig hefur hann mynd- að jurtir og skordýr svo eitthvað sé nefnt. Allt mjög listrænt. „Mér fannst áhugavert að geta sýnt almenningi það sem vísindamenn upplifa í vinnunni í gegnum smásjá,“ segir hann um skordýramyndirnar.

Stærsta sýningin til þessa

Það sem sýnt er á Listahátíð er myndröðin *Nudes* sem Schneider vann að í nokkur ár og kom út á bók í árslok 2004. Þar er um að ræða nektarmyndir af fólki, sem sýndar eru í fullri stærð eða því sem næst. „Myndirnar eru reyndar allar jafn stórar, þannig að sumir eru ekki all- veg í rétttri stærð; ætli megi ekki segja að allir séu í lýð- ræðislegri raunstærð. Það er betra að myndirnar séu allar jafn stórar á sýningunni,“ segir listamaðurinn við Morgunblaðið.

Sýningin hefur verið sett upp víða um heim en hefur aldrei verið jafn stór og á Listahátíð. „Hingað til hef ég mest sýnt 26 myndir í einu en nú verða þær 30. Sýningin verður í tveimur sölum, það gerir mér kleift að brjóta hana svolitíð upp, sem ég hef ekki gert áður.“

Sýningin var upphaflega sett upp á Manhattan í New York og hefur m.a. verið í National Portrait Gallery í London en of langt mál væri að telja upp alla staðina; nakta fólkið hans Schneiders hefur ferðast víða um heim. Og alls staðar er upplifunin svipuð: Myndirnar virðast hafa mikil áhrif á áhorfendur, segir listamaðurinn; sýn- ingargestir tengjast á einhvern hátt fólkinu á myndunum svo úr verður sérstök blanda.

Að taka mynd og gera mynd

Myndir Bandaríkjamannsins eru fjarri því hefðbundnar. Á þeim sem sýndar eru í Reykjavík er fólk allt í sömu stellingu; liggur á bakinu á svörtum fleti, með hendur á mjöðm. Fyrirsætan er lýst á löngum tíma inn á filmuna, jafnvel í klukkutíma, og á meðan færir ljósmyndarinn geisla vasaljóss yfir líkamann og dregur þannig fram ýmis einkenni. Og eins og gefur að skilja liggur manneskjan ekki grafkyrr allan tímann, þannig að öll hreyfing skilar



„Þegar maður elst upp við þær sögulegu aðstæður sem voru í landinu þarf að takast á við aðskilnaðarstefnuna og þá sálrænu þætti sem henni fylgja vegna þess að maður er henni algjörlega andvígur fylgir það manni alla tíð.“

sér í listaverkinu; djásn karlmanns stækkar og minnkar á ný, rís og sígur, aðrir vöðvar hreyfast, fyrirsætan er hugsanlega spennt í byrjun en nær síðan að slaka á; það má greina í andliti.

Að tala um lífandi ljósmynd er ekki fjarri sanni. Hann segist ekki taka ljósmynd heldur gera myndina. „Ég fer frá sekúndubrotinu yfir í það sem varir. Verkið fjallar í raun um samskipti mín og þess sem situr fyrir, það sem hægt er að gera opinbert. Það er mikilvægur hluti list- sköpunar minnar. Ég vinn verkið í náinni samvinnu við viðkomandi og geri aldrei neitt sem fyrirsætan er ósátt við.“

Ekki er ósennilegt að sumum kunni að finnast óþægi- legt að virða myndirnar fyrir sér. Einhverjum kannski beinlínis eins og að líta í spegil. Eða að dauðinn blasi hreinlega við; myndirnar af fólkinu eru svo sérstakar.

Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari segir í grein um Schneider á heimasíðu Listasafns Reykjavíkur að þegar hann sýndi fyrst verk úr myndröðinni fyrir fimm árum hafi gagnrýnandi *The New York Times* talað um „maka- lausar ljósmyndir“ sem „hylla mannlíkamann“ og að í þeim hafi lífskrafturinn sigur yfir yfirvofandi dauðleik- anum. „Að vissu leyti má segja að þessi verk séu í senn málverk og ljósmyndir; filman skráir það sem listamað- urinn lýsir upp á löngum tíma. Ljósíð malar fyrirsætuna á filmuna,“ segir Einar Falur.

Aðskilnaðarstefnan

Listamaðurinn segir alltaf jafn forvitnilegt að líta til upp- hafsins. „Ég hef verið að í svo langan tíma!“

Hann segir ræturnar í Suður-Afríku hafa áhrif á list- sköpunina. „Þegar maður elst upp við þær sögulegu að- stæður sem voru í landinu þarf að takast á við aðskilnaðarstefnuna og þá sálrænu þætti sem henni fylgja vegna þess að maður er henni algjörlega andvígur fylgir það manni alla tíð. Mér finnst þessi sögulegi veruleiki alltaf sjást í verkum mínum.“

Schneider fluttist til Bandaríkjanna 21 árs að aldri en hafði ferðast þangað í sumarfríum áður og varð fyrir

miklum áhrifum ýmissa gjörningalistamanna. „Mér þótti strax spennandi að fylgjast með þeim vinna verk um lík- amann og mér þótti það góð leið til þess að takast á við söguna. Ég er því í raun að fást við hana.“

Einar Falur segir í áður nefndri grein að verk Schneiders vísi óneitanlega til málverkahefðarinnar en listamaðurinn sjálfur líti svo á að þótt þau minni á málverk hafi þau ekk- ert með málverk að gera. „Hann kys frekar að vísa til tenginga við merka frumherja á sviði portrettljósmynd- unar, ekki síst hina bresku Juliu Margaret Cameron (1815-1879) en portrettmyndir hennar af vinum og vandamönnum þykja einstakar í sögu ljósmyndunar. Schneider bendir á að Cameron hafi lýst hverja hinna tjáningarríku andlitsmynda sinna í allt að átta mínútur. Í því langa ferli er sem varnarmúrar falli og fyrirsætan verður berskjölduð; við sjáum hana eins og hún er í raun, eins og listamaðurinn túlkar hana,“ segir Einar Falur.

Hann segir ekki ósennilegt að áhorfandinn velti fyrir sér hugmyndum um líf og dauða þegar hann horfir á nak- ið fólkið í verkum Garys Schneiders. „Nektin afhjúpar, flettir samtímanum í formi fata af líkumum og gerir þá að tákmynd fyrir fólk á öllum tímum, fyrir lífið og til- veruna – ekki ósvipað og við sjáum gerast í myndheimi Helga Þorgils Friðjónssonar. Mislysingin á húðinni vekur hugsanir um dauða og rotnun, stellingin sem fólkið er í getur einnig minnt á lík í kistu. Síðan er það þyngd- arleysið; fólkið virðist svífa í svörtu tómi. Líkamarnir eru ljósmyndaðir liggjandi en látnir standa andspenis áhorf- andanum, við það myndast óvenjuleg bjöggun í formun- um, holdið virðist laust undan kröftum þyngdarafllins. Þetta fólk svífur fyrir framan okkur, horfir á okkur en um leið inn á við, órætt og ógrandi,“ segir Einar Falur.

Lífandi ljósmynd ...

„Ég byrjaði sem ungur listamaður að vinna með sérkenni mannsins og mannlíkamann,“ segir Gary í samtali við Morgunblaðið, þegar hann er beðinn að líta um öxl. Það var 1975; hann ætlaði að verða kvikmyndagerðarmaður en ferillinn þróaðist í óvænta átt. Viðfangsefnið var nær- myndir af ýmsum líkamshlutum, til dæmis andliti, og til þess að átta sig sem best á því og hvernig linsan fangaði myndefnið byrjaði hann á því að taka ljósmyndir. Fyrst var það portrett af öðrum karlmanni, þá sjálfsmýnd og loks mynd af konu.

Svo gerðist eitthvað.

Hann segist fljótlega hafa áttað sig á því að myndröðin þyrfti ekki að verða kvikmynd; þetta væru heldur ekki venjulegar ljósmyndir heldur blanda af hvoru tveggja; einhvers konar lífandi ljósmynd. Verkið þyrfti ekki að upplifa í hefðbundinni röð myndaramma hreyfimyndar heldur mætti skoða þær allavega og í hvaða röð sem væri; frá hægri til vinstri, upp eða niður.

„Ég varð í raun aldrei ljósmyndari; tók bara upp á því að sýna ljósmyndir sem ég tók!“ segir listamaðurinn í samtali við Morgunblaðið.